

[Smelltu hér til að skoða þetta fréttabréf í vafra](#)

Fréttabréf

Sumarrútgáfa

40. árg 3. tbl.

Maí 2025



FÉLAG ÍSLENSKRA
NÁTTÚRUFRÆÐINGA

Það er komið sumar

Kæru félagar!

Undanfarið hefur veðrið leikið við okkur og þó svo að veðrið sé ekki alveg jafn gott núna þá höfum við góða tilfinningu fyrir komandi sumri, enda vorum við [að skrifa undir stofnanasamning](#) við Veðurstofuna.

Starfsemi félagsins fer að einhverju leyti í lægri gir yfir sumarið en við viljum reka endahnúttinn á þetta frábæra vor með því að senda ykkur smá fréttabréf og fara yfir það helsta sem hefur verið í gangi hjá félaginu á vormánuðum.



*Formaðurinn smellti þessari mynd af á Ströndum.
Hann fær samt ekki að taka þátt í keppninni*

Ljósmyndakeppni FÍN - Skilafrestur til 18. júní

Ljósmyndakeppni FÍN er nú í fullum gangi og hafa þegar borist nokkrar frábærar innsendingar af myndum og ljóst að dómnefnd á ærið verkefni fyrir höndum.

Opið verður fyrir innsendingar í keppnina til 18. júní og hvetjum við félagsfólk til að taka þátt, enda glæsilegir vinningar í boði og auðvitað heiðurinn líka.

[Allar nánari upplýsingar um keppnina hér](#)

Fréttir af aðalfundi FÍN

Aðalfundur FÍN var haldinn þann 27. mars síðastliðinn. Hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram með fremur tíðindalitlum hætti en sjálfkjörið var í öll embætti að þessu sinni.

Eftirfarandi aðilar hlutu kjör til stjórnar að þessu sinni:

Varaformaður FÍN:

- Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg (starfandi formaður)

- Berglind Sigurðardóttir , Skipulagsstofnun
- Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg
- Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Margrét Geirsdóttir, Matís
- Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Una Bjarnadóttir, Alvotech
- Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Landspítali
- Páll Sigurðsson, Land og skógur

Nánar má lesa um skipan í stjórnir og nefndir [í síðasta fréttabréfi FÍN](#).

Þá ákveðið var að setja á laggirnar laganefnd til að endurskoða lög félagsins í heild. Það má segja að það sé tími til kominn að gera úttekt á þeim, enda fagnar félagið 70 ára afmæli í ár og eitt og annað í annars ágætum lögum sem endurspeglar ekki umhverfi ársins 2025.

Í þessu afmælissamhengi má einnig nefna að ákveðið var að kalla til starfa afmælisnefnd og er formaður kominn með það verkefni í fangið.





Samningur við SA undirritaður

Undanfarin ár hefur sífellt stærri hópur okkar félagsmanna unnið eftir samningum á almenna vinnumarkaðinum, enda hefur stórum og öflugum fyrirtækjum þar fjölgað hratt. Hlutfall þessara félagsmanna er nú orðið meira en 50% í félaginu. Þetta á einnig við um nokkur önnur félög innan BHM og því var ekki vanþörf á að setja púður í samningagerð á þessum markaði sem hefur setið nokkuð eftir hvað athygli varðar. Stafar það líklega af því að í sögulegu samhengi einbeittu BHM félögin sér að opinbera vinnumarkaðinum þar sem helst var sóst eftir háskólagengnu fólki áður fyrr. En nú eru einfaldlega breyttir tímar!

Samningar við Samtök atvinnulífsins (SA) voru undirritaðir í dag, miðvikudaginn 28. maí. Breið samstaða náðist meðal þeirra félaga innan BHM sem eiga félagsfólk á SA samningum um samtalið og sátu Runólfur (FÍN), Oddgeir (KVH) og Júlíana (Viska) ásamt Kolbrúnu formanni BHM í viðræðunefnd. Á bakvið hana var síðan stór samninganefnd.

Áhersla var lögð á að í samningnum væri tryggt, eins og kostur er, að allir nytu í það minnsta þeirra lágmarkshækkana launa sem samið væri um á almenna markaðnum hverju sinni. Nokkur árangur náðist í þeim efnum, en þó teljum við að betur megi ef duga skal til lengri tíma litið. Hins vegar var það sameiginleg ákvörðun félaganna að láta hér staðar numið að sinni.

Við munum hins vegar leggja þunga áherslu á að þegar næst verður samið verði háskólaþólk kallað að borðinu þegar hið svokallaða merki markaðarins er gefið. Háskólaþólk er nefnilega ekki síður merkisberi á almennum vinnumarkaði en aðrir hópar í dag!

Porkell Heiðarsson, formaður FÍN

Aðalfundur BHM fór fram þann 15. maí síðastliðinn en þar átti FÍN 25 sæti og viljum við þakka öllum okkar fulltrúum sem mættu og tóku þátt í fundinum kærlega fyrir þeirra framlag.

Þorkell Heiðarsson, formaður FÍN, lauk sinni stjórnarsetu í stjórn BHM þar sem hann hefur setið síðan 2017. Annar góður FÍNari tók sæti í stjórn á fundinum en það er Svava S. Steinarsdóttir og lauk um leið setu sinni í framboðsnefnd.

Þau fengu bæði þessa glæsilegu blómvendi afhenta fyrir sín störf. Hér að neðan fylgja nokkrar myndir frá deginum.



Pistill formanns



Mig langar að nýta þetta tækifæri og þakka ykkur, kæra félagsfólk, fyrir það mikilvæga starf sem þið sinnið hvert á ykkar mikilvægu sviðum. Á tímum þegar vísindaleg þekking og gagnrýnin hugsun skipta meira máli en nokkru sinni fyrr er mikilvægt að félagið okkar standi styrkum fótum og styðji þétt við bakið á okkar öfluga félagsfólki um land allt.

Eitt af því sem mér finnst mikilvægt í starfi formanns er að eiga beint samtal við ykkur. Að heyra raddir ykkar, tillögur, álit og áhyggjur. Því hef ég ákveðið að efna til vinnustaðafunda víða um land á næstu vikum og mánuðum.

Markmiðið er einfalt: að styrkja tengslin milli félagsins og félagsfólks, og skapa vettvang þar sem við getum rætt saman um framtíðina, bæði hvað varðar réttindi, tækifæri og hlutverk náttúrufræðinga í samfélaginu. Sóknarfærin eru mörg og sókn er besta vörnin sagði einhver.

Ég hlakka til að hitta ykkur í eigin persónu, hvar sem það verður á landinu. Nánari dagsetningar og staðsetningar verða auglýstar þegar nær dregur og ég hvet ykkur eindregið til að mæta og taka þátt í umræðum um félagið okkar og málefni þeirra fjölmörgu fagstétta sem þar er að finna.

Tökum höndum saman og eflum FÍN saman!

Fyrsta samstarfsyfirlýsingin undirrituð



Þorkell Heiðarsson, formaður FÍN, og Ásthildur Erlingsdóttir, formaður Líffræðifélags Íslands, innsigla samstarfið með handabandi

FÍN er þessi misserin í markvissri vinnu sem miðar að því að efla samstarf félagsins við fagfélög og virkja félagsfólk í gegnum þessi félög. Er þessi vinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram á síðasta aðalfundi.

Fyrsta samstarfsyfirlýsingin var undirrituð á dögnum við Líffræðifélag Íslands en það er ljóst að hagsmunir FÍN og fjölmargra fagfélaga liggja saman á ýmsum sviðum og víða eru tækifæri til nánara samstarfs sem ætti að koma báðum aðilum til góða og efla fagfélögin sjálf og félaga í FÍN um leið.

Við erum komin í talsamband við mörg félög en viljum gjarnan taka samtalið við sem flest fagfélög. Ef þú ert í forsvari fyrir fagfélag og hefur áhuga á samstarfi við FÍN mátt þú endilega heyra í okkur.

Tengiliður er Siggeir F. Ævarsson, sérfræðingur.

Vinnustaðafundir FÍN

Eins og fram kom í pistil formanns höfum við verið að setja fókus á vinnustaðafundi en okkur hjá FÍN er annt um að vera í góðu sambandi við allt félagsfólk og því viljum við gjarnan heimsækja sem flesta vinnustaði okkar félaga.

Þrír fundir hafa þegar verið haldnir og viljum við endilega koma fleiri fundum á dagskrá. Kappkostað er að sníða hvern fund að þörfum viðkomandi vinnustaðar. Fundirnir geta verið staðfundir sé þess óskað en fjarfundir hafa gefið góða raun fyrir þetta form og eru þeir oftast betur sóttir.

Við hvetjum öll þau sem óska eftir vinnustaðafundi að hafa samband á fin@fin.is.



Subscribe

Past Issues

Translate ▼

Hagnýtar upplýsingar

Starfsmenn á skrifstofu

Orri Þrastarson,
framkvæmdastjóri.

Runólfur Vigfússon,
lögfræðingur.

Siggeir F. Ævarsson,
sérfræðingur.

Símatími:

Mánudaga og miðvikudaga:
Frá kl. 13:00—14:00.
Þriðjudaga og fimmtudaga:
Frá kl. 11:00—12:00.
Lokað á föstudögum

Sími: 595-5175
Netfang: fin@fin.is
Veffang: www.fin.is

Fréttabréf FÍN kemur að jafnaði út þrisvar á ári, í janúar, mars og desember. Þetta er því aukaútgáfa.
Ritstjóri er Siggeir F. Ævarsson, ábyrgðarmaður er Þorkell Heiðarsson.

Ábendingar og athugasemdir má senda á fin@fin.is



[Skoða í vafra](#)

Copyright (C) 2025 FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga. Allur réttur áskilinn.
FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga Borgartún 27 Reykjavík 105 Iceland

Þú færð þennan póst þar sem þú ert félagi í FÍN og á póstlista félagsins.

Viltu breyta þinni skráningu á þessum póstlista?
Þú getur [breytt stillingum](#) eða [afskráð þig af póstlistanum](#)